

Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Hafnarfirði, 31. maí 2023

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna.

Vísað er til draga að reglugerð um málsmeðferð við setningu skipulagsreglna flugvalla sem birt var í samráðsgátt stjórnvalda 17. maí sl.

Um leið og Isavia þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma að umsögn vill það koma með nokkrar ábendingar varðandi setningu reglugerðarinnar.

Félagið telur að afmörkun reglugerðarinnar við ferli við setningu skipulagsreglna sé of þröng nálgun á verkefnið. Nauðsynlegt sé að afmarka efnislega störf starfshópsins m.a. í samræmi við ákvæði 146. gr. laganna sem og ákvæði reglugerðar um flugvelli og grunnreglugerð Flugöryggisstofnunar Evrópu. Þannig megi ekki einblína um of á afmörkun reglugerðarheimildarinnar skv. 6. mgr. 147. gr. en horfa fram hjá öðrum heimildum t.d. í b. og l.-liðum 152. gr. laganna.

Félagið telur að reglugerðin eigi með skýrum hætti að taka til þess á hvaða grunni nefndin starfi og eftir hvaða efnisreglum til að tryggja að skipulag flugvalla og nágrenni þeirra taki mið af öryggi flugumferðar við komu og brottför frá flugvelli. Þetta eru reglur sem eru rammaðar inn í alþjóðlegt regluverk flugvalla og stafa frá Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO). Reglurnar byggja á samræmdum kröfum um öryggi flugs en ekki pólitísku argaþrasi um skipulag sveitarfélaga sem iðulega einblína á hagsmuni eigin skipulags, um leið og þau sækjast eftir því að vaxa að flugvelli sem heftir síðan starfsemi hans.

Þá bendir félagið á að með nýjum loftferðalögum þurfi að endurskoða skipulagsreglur allra millilandaflugvallanna og því geti verið heppilegt að skipa festu um skipun starfshóps um endurskoðun þeirra allra, þó að fulltrúar sveitarfélaga geti verið breytilegir.

Í drögnum er ráðgert að sveitarfélög hafi tvo fulltrúa í starfshópnum en flugvöllur einn en öll sérþekking á rekstri og þörfum vegna flugvallarstarfseminnar er hjá rekstraraðila flugvallar bæði varðandi tæknilega og rekstrarlega þætti og ef eitthvað er þörf á fleiri fulltrúum frá honum til að endurspegla þá þætti í starfi starfshópsins.

Félagið áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst, f.h. Isavia ohf.

Karl Alvarsson
Yfirlögfræðingur